

KJARVAL

25% afsláttur
1.598 KR. KG.
 Allt svínakótitettur hunangsreyktar

35% afsláttur
396 KR. KG.
 Móa kjúklinga-leggir

40% afsláttur
169 KR. KG.
 Móa kjúklinga-vængir

Búðu til þitt eigið slátur!
2.998 KR. PK.
 Goða slátur 3stk m. sóxuðum mör

Tilboð í öfnum
568 KR. PK.
 Chicago Town Lasagne

415 KR. KG.
 Rea bjúgu

199 KR. PK.
 Mr. Bagels 3 tegundir

439 KR. PK.
 Kellogg's Special K

119 KR. STIL.
 Pepsi Max 2 lítrar

349 KR. PK.
 Völu Nammi gott/Ljúffeng sexa

69 KR. PK.
 Engjabykkni 150 g

349 KR. PK.
 BKI kaffi Classic

349 KR. PK.
 BKI Cappuccino dós

119 KR. PK.
 Múllu Normalbraud

- ÞÍN TILBOÐ -

VITINN

UTG. FRÉTTABÚI SIMI: 4871429 FAX: 4871206 NETFANG frettir@simnet.is

Auglýsingar berist ekki síðar en kl. 9 á þriðjudagsmorgnum

Mýrdælingar og aðrir lesendur Vitans.

Nú er komið að tímamótum hjá mér er ég hætti störfum og rekstri Víkurskála og Hótel Eddu Vík eftir 20 ár og flyt á Selfoss.

Eftir svo langan tíma er margs að minnast frá ánægjulegum samskiptum við þá fjölmörgu viðskiptavini sem hér hafa komið á þessum árum.

Einnig þann stóra hóp starfsfólks sem unnið hefur hér um lengri eða skemmri tíma.

Fyrir þessi samskipti vil ég þakka af heilum hug.

Nú taka við rekstri Víkurskála og Hótel Eddu Vík, Elías sonur minn og Vilborg tengdadóttir mín.

Sjálfur fer ég til starfa hjá N1 og verð stöðvarstjóri í N1 Fossnesti á Selfossi.

Af þessu tilefni langar okkur Lóa að bjóða í kaffi og rjómapönnukökur laugardaginn 29. sept. n.k. frá kl. 14-17. Börnunum er boðið upp á ís úr vél.

Vonumst til að sjá sem flesta.

**Bestu kveðjur
 Guðmundur og Lóa.**

SMÁUGLYSINGAR

37. TBL. 11. ÁRGANGUR MIÐVIKUDAGINN 26. SEPTEMBER 2007

friendtex

fatalistinn,

aldrei glæsilegri,
fullur af flottum fötum

Gjörið svo vel og
hafið samband við:

Höllu G. Emilsdóttur
Brekkum III
sími: 849 3624
email: hgesh@emax.is

Snyrtistofan í Vík

Verð með snyrtistofuna á
Geirlandi 1. til 3. október

Tímamantanir í síma 868 3642
Margrét

Að hryggjast og gleðjast
hér um fáa daga,
að heilsast og kveðjast
það er lífsins saga.

-Páll J. Árdal

Að lifa kátur líst mér máti bestur.
Þó að þjáti eitthvað á.
Að því hlátur gera má.

-Sigurður Breiðfjörð

HÁRGREIÐSLUSTOFAN VÍK

Komin tími á klippingu og/eða litun?

Tímamantanir í síma 847 1858
Kveðja, Þorbjörg

Sauðburður í sláurtíð?

Nei, sem betur fer ekki í stórum stíl. En það er ekki orðin nein nýlunda að ær beri á óhefðbundnustu tímum ársins, en trúlega minnst um þetta leiti.

Þessi ær bar hér á Skeiðflöt 19. sept. sl. úti í óveðrinu sem gekk yfir þann dag. Hún mun hafa látið snemma í vor og að sjálfsögðu hafa hrútarnir verið til í tuskið þegar hún gaf grænt ljós.

Eins og sjá má er lambið sem er gimbur hið státnasta E



Kvenfélögin styrkja Félagsmiðstöðina OZ

Fulltrúar Kvenfélags Hvammshrepps og Kvenfélagsins Ljósbrár heimsóttu Félagsmiðstöðina OZ sl. fimmtudag og afhentu börnunum og forstöðumanni veglegan styrk að upphæð 140.000 kr. Einnig buðu þær öllum í nýbakaðar pönnukökur og mjólk. Styrkurinn verður notaður í það að byggja upp veglegt diskótek þar sem börn og unglingar geta æft sig, bæði í söng og sem plötusnúðar framtíðarinnar og haldið eigin diskótek.

Ég vil fyrir hönd Félagsmiðstöðvarinnar OZ þakka kvennfélögunum fyrir þennan frábæra styrk og stöðast en ekki síst fyrir alla hjálpinu á Undankeppni Söngkeppni Samfés sem haldin var með glæsibrag í Vík 2.-4. febrúar 2007.

Victor Berg Guðmundsson – Íþróttafulltrúi

Niðurlag fundargerðar Mýrdalshrepps

minningarsjóðsins, Mýrdalshrepps að leggja hann niður. Frá sameiningu Dyrhólahrepps og Hvammshrepps árið 1984 er jörðin Dyrhólar, vesturhús (Vestri-Dyrhólar) í eigu Mýrdalshrepps. Sveitarstjóra er falið að koma þessari yfirlýsingu til sýslumanns til þinglýsingar.

8. Endurskoðuð fjárhagsáætlun 2007.

Lögð fram til umræðu. Gert er ráð fyrir afgreiðslu á næsta fundi.

IV. Efni lagt fram til kynningar:

1. Fundargerð 405. fundar stjórnar SASS frá 6. júní 2007.

2. Fundargerð 268. fundar stjórnar APS frá 6. júlí 2007.

3. Fundargerð 269. fundar stjórnar APS frá 7. september 2007.

4. Fundargerð 96. fundar Skólaskrifstofu Suðurlands frá 22. ágúst 2007.

5. Fundargerð 13. fundar barnaverndarnefndar frá 16. ágúst 2007.

6. Fundargerð 14. fundar barnaverndarnefndar frá 11 september 2007.

7. Fundargerð 101. fundar heilbrigðisnefndar Suðurlands frá 2. september 2007.

8. Bréf EBÍ dags. 21. ágúst 2007. Í bréfinu kemur fram að hlutdeild Mýrdalshrepps í

hagnaði af starfsemi Eignarhaldsfélags Brunabótafélags Íslands sé kr. 3.010.500,- á árinu 2007.

9. Kynningarfundur um HSU.

10. Safnaklasi Suðurlands - fundarboð

11. Bréf Einars Einarssonar og Sigurbjargar Tracy dags. 23. ágúst 2007.

12. Fundargerð 4. fundar stjórnar Hollvínasjóðs Hjallatúns frá 6. september 2007.

13. Viðmiðunarreglur um kirkjugarðsstæði o.fl. - bréf Sambands íslenskra sveitarfélaga dags. 7. september 2007.

14. Bréf dóms- og kirkjumálaráðherra dags. 30. ágúst 2007.

15. Fundargerð Aðalfundar Green Globe 21 í Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslum bs frá 3. maí 2007.

16. Fundargerð 5. fundar stýrihóps Green Globe 21 í Rang. og V-Skaft. frá 5. september 2007

Fundargerðin lesin upp og samþykkt.

Fundi slitið kl. 18:55

Þórhildur Jónsdóttir oddviti Björgvín Jóhannesson varaoddviti Elín Einarasdóttir Sveinn Pálsson sveitarstjóri Karl Pálmason

Kirkjuskólinn í Mýrdal

*Kirkjuskólinn í Mýrdal byrjar vetrarstarfið
laugardaginn 29. sept. 2007, kl. 11:15 í Víkurskóla.*

Söngur, sögur, brúðuleikhús og litastund.

Nýjar bækur og límmiðar.

*Verið nú dugleg að mæta krakkar og bjóðið
fullorðna fólkinu með í kirkjuskólann.*

Allir hjartanlega velkomnir.

Sóknarprestur

Víkurkirkja í Mýrdal

*Guðsþjónusta verður í Víkurkirkju í Mýrdal
sunnudaginn 30. sept. nk. kl. 14:00.*

Kór Víkurkirkju syngur. Organisti er Kitti Kóvács.

Eftir predikun leika saman á fiðlu og orgel þau Balázs Stankowsky og
Kitti Kovács frá Ungverjalandi.

*Væntanleg fermingarbörn næsta vors, hvött til að mæta
með foreldrum sínum.*

Sóknarprestur

Í bljúgri bæn og þökk til þín,
sem þekkir mig og verkin mín.
Ég leita þín, Guð leiddu mig
og lýstu mér um ævistig.

Sú ein er bæn í brjósti mér,
ég betur kunn þjóna þér,
því veit mér feta veginn þinn,
að verðir þú æ Drottinn minn.

Ég reika oft á rangri leið,
sú rétta virðist aldrei greið.
Ég geri margt, sem miður fer,
og man svo sjaldan eftir þér.

Pétur Þórarinsson

FUNDARGERÐ MÝRDALSHREPPS

427. fundar sveitarstjórnar Mýrdalshrepps, haldinn fimmtudaginn 20. september 2007 kl. 16:00 á skrifstofu hreppsins, Austurvegi 17 í Vík. Fundinn sátu undirritaðir aðalmenn sveitarstjórnar. Sveitarstjóri ritaði fundargerðina á tölvu. Oddviti, Þórhildur Jónsdóttir setti fund og stjórnaði.

Gerðir fundarins: Oddviti leggur til að fundargerðir fjallskila- nefndar vestari frá 26. ágúst 2007 og orkuhóps frá 27. ágúst verði teknar á dagskrá undir liðum I-9 og I-10. Samþykkt samhljóða.

Sveitarstjóri gerir grein fyrir verkefnum frá síðasta fundi.

I. Fundargerðir til staðfestingar.

1. Fundargerð 5. fundar atvinnuálanefndar frá 29. ágúst 2007. Í öðrum lið fundargerðarinnar er lagt til að stofnaður verði samstarfshópur allra fyrirtækja á svæðinu með það markmið að auka kynningu á svæðinu. Sveitarstjórn samþykkir að Victor Berg undirbúi málið og setji sig í samband við fyrirtæki og stofnanir í sveitarfélaginu. Fundargerðin samþykkt.

2. Fundargerð 143. fundar skipulags- og byggingarnefndar frá 30. ágúst 2007.

Fundargerðin samþykkt.

3. Fundargerð 144. fundar skipulags- og byggingarnefndar frá 13. september 2007.

Á fundinum var m.a. samþykkt að tillaga að aðalskipulagi verði kynnt almenningi hið fyrsta. Fundargerðin samþykkt.

4. Fundargerð 1. fundar félagsmálanefndar Rangárvalla- og V-Skaftafellssýslu frá 15. ágúst 2007. Á fundinum var Jóna Sigurbjartsdóttir á Kirkjubæjarklaustri kjörin formaður og Árný Svavarsdóttir á Hvolsvelli varaformaður. Fulltrúi Mýrdalshrepps í nefndinni er Tryggvi Ástþórsson og Helga Halldórsdóttir varamaður. Fundargerðin samþykkt.

5. Fundargerð 2. fundar félagsmálanefndar Rangárvalla- og V-Skaftafellssýslu frá 30. ágúst 2007. Fundargerðin samþykkt.

6. Fundargerð 144. fundar fræðslunefndar frá 18. september 2007. Fundargerðin samþykkt.

7. Fundargerð 3. fundar umhverfis- og náttúruverndarnefndar frá 18. september 2007.

Á fundinum var m.a. unnið úr tilnefningum til

Umhverfisviðurkenningar Mýrdalshrepps árið 2007 og einnig samþykktar vinnureglur vegna umhverfisviðurkenninga. Umhverfisviðurkenning verður afhent á menningarhátíðinni í Leikskálum laugardaginn 6. október n.k. Vegna bókunar undir liðnum önnur mál og með tilvísun í lið II-1 á 426. fundi sveitarstjórnar samþykkir sveitarstjórn að efna til hreinsunarátaks á fyrri hluta næsta árs þar sem ábúendur á lögbýlum og forráðamenn fyrirtækja verði hvattir til tiltektar á búum sínum og lóðum.

Fundargerðin að öðru leyti samþykkt.

8. Fundargerð 6. fundar menningarmálanefndar frá 19. september 2007.

Á fundinum var m.a. samþykkt að veita 250.000,- kr. styrk til menningarhátíðar sem haldin verður í Vík dagana 5. - 7. október n.k. undir nafninu Regnboginn, list í fögru umhverfi. Fundargerðin samþykkt.

9. Fundargerð fjallskilaneftar vestri frá 26. ágúst 2007

Á fundinum var m.a. eftirfarandi bókað: Fjallskilaneftar óskar eftir því við sveitarstjórn að hún kynni fyrir landeigendum og umráðamönnum heimalanda þær skyldur sem þeir hafa um hreinsun afgirts heimalands, sbr. 18. og 23 gr. fjallskilasamþykktar Vestur-Skaftafellssýslu.

D-listinn tekur fundarhlé.

Fundargerðin samþykkt.

10. Fundargerð orkuhóps frá 27. ágúst 2007.

Fundargerðin samþykkt.

II. Innsend erindi til afgreiðslu.

1. Bréf Sýslumannsins í Vík dags. 19. júlí 2007. Með bréfi dags. 19. júlí 2007 óskar Sýslumaðurinn í Vík, með vísan í 10. gr. laga nr. 85/2007, umsagnar vegna eftirfarandi:

a) Umsókn um endurnýjun leyfis til reksturs gististaðar í flokki I að Eystri-Sólheimum.

b) Umsókn um nýtt leyfi til reksturs gististaðar í flokki II í Þakgili.

c) Umsókn um nýtt leyfi til að reka veitingahús í flokki I að Görðum.

d) Umsókn um leyfi til reksturs gististaðar í flokki V og veitingastaðar í flokki II að Víkurbraut 26, Hótel Lundi.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við liði a), b) og d). Varðandi lið c) veitingahús að Görðum

gerir sveitarstjórn ekki athugasemdir við útgáfu leyfis að því gefnu að veitingahúsið hafi tryggan aðgang að salernisaðstöðu.

2. Bréf Sýslumannsins í Vík dags. 29. ágúst 2007. Með bréfi dags. 29. ágúst 2007 óskar Sýslumaðurinn í Vík, með vísan í 10. gr. laga nr. 85/2007, umsagnar vegna umsóknar um endurnýjun leyfis til reksturs veitingahúss í flokki II að Víkurbraut 28, Halldórskafti með opnunartíma til 23:00 virka daga og 02:00 aðfaranótt laugardags, sunnudags eða almenns frídags. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við endurnýjun leyfis enda er opnunartími innan ramma gildandi lögreglusamþykktar.

III. Málefni til umfjöllunar / afgreiðslu.

1. Háskólafélag Suðurlands - bréf verkefnisstjórnar dags 17. ágúst 2007. Lagt fram til kynningar.

2. Flokkun vatna - bréf Háskólaasetursins í Hveragerði dags. 23. ágúst 2007. Lagt fram til kynningar.

3. Hagsmunagæsla í úrgangsmálum - bréf Sambands íslenskra sveitarfélaga dags. 5. september 2007.

Sveitarstjórn samþykkir að taka þátt í verkefni um hagsmunagæslu í úrgangsmálum samkvæmt fyrirbyggjandi verkefnislýsingu að því gefnu að kostnaður sveitarfélagsins verði í samræmi við tillögu um kostnaðarskiptingu.

4. Fjármál stjórnmalasamtaka - minnisblað lögfræðings Sambands íslenskra sveitarfélaga dags. 15. desember 2006. Í 5. gr. laga nr. 162/2006 um fjármál stjórnmalasamtaka og frambjóðenda og um upplýsingaskyldu þeirra segir: Sveitarfélögum með fleiri en 500 íbúa er skylt, en öðrum sveitarfélögum heimilt, að veita stjórnmalasamtökum, sem fengið hafa a.m.k. einn mann kjörinn í sveitarstjórn eða hlotið a.m.k. 5% atkvæða í næstliðnum sveitarstjórnarkosningum, fjárframlög til starfsemi sinnar. Ákvörðun um slík framlög tekur

sveitarstjórn samhliða samþykkt fjárhagsáætlunar. Fjárhæðinni skal úthlutað í hlutfalli við atkvæðamagn.

D-listinn leggur fram eftirfarandi tillögu:

Framlög til stjórnmalasamtaka í Mýrdalshreppi á árinu 2007 verði kr. 200.000,- og skiptast samkvæmt 5. gr. laga nr. 162/2006. Framlög verði greidd út af skrifstofu Mýrdalshrepps samkvæmt framlagðri beiðni forráðamanna samtakanna. Samþykkt samhljóða.

5. Reglugerð um lögreglusamþykktir - bréf dóms- og kirkjumálaráðuneytisins dags. 11. september 2007.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við fyrirbyggjandi drög ef frá er talin seinni málsgrein 36. greinar sem þarfnast nánari skýringa.

Sveitarstjóra er falið að kanna hvort ástæða sé til að endurskoða gildandi lögreglusamþykkt fyrir Mýrdalshrepp nr. 526/2004 og þá hvort taka skuli málið upp á vettvangi samstarfsnefndar lögreglu og sveitarfélaga í Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu.

6. Kynningarblað um Suðurland - bréf SASS dags. 11. september 2007. Sveitarstjórn fagnar framtakinu og samþykkir að taka þátt í verkefninu. Skrifstofu Mýrdalshrepps er falið að undirbúa kynningarefni.

7. **Dyrhólar-Vestri.** Vegna skráningar í Landskrá fasteigna lýsir sveitarstjórn Mýrdalshrepps yfir eftirfarandi: Dyrhólahreppur eignaðist jörðina Dyrhóla (vesturhús) á grundvelli skipulagsskrár fyrir minningarsjóð hjónanna Þorsteins Árnasonar og Matthildar Guðmundsdóttur sem bjuggu á jörðinni frá 1872 til 1905. Í 3. gr. skipulagsskrárinnar sem var birt í B-deild stjórnartíðinda hinn 14. apríl 1944 kemur fram að jörðin sé afhent Dyrhólahreppi til ævarandi eignar. Með bréfi dags. 21. ágúst 1991 féllst dómsmálaráðherra á tillögu vörsluaðila

kl	Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur	Föstudagur	Laugardagur	Sunnudagur
08:10 08:50	Morgunsund: 07:00-08:30	Leikskóli 1 09:00-10:30	Leikskóli 2 09:00-10:30	Sund 08:00-10:30	Sund 8. bekkur	Íþróttamiðstöð 10:00-17:00	
08:50 09:30	Leikskóli 1 09:00-10:30	Leikskóli 2 09:00-10:30	Leikskóli 2 09:00-10:30	Leikskóli 2 09:00-10:30	Sund 8. bekkur	Íþróttamiðstöð 10:00-17:00	
09:50 10:30 11:00	Íþróttir 1-2. bekkur Drottinn	Íþróttir 1-2. bekkur Sund 5-6. bekkur Drottinn	Sund 5-6. bekkur Drottinn	Sund 8. bekkur Íþróttir 5-7. bekkur Drottinn	Íþróttir 5-7. bekkur Drottinn	Íþróttamiðstöð 10:00-17:00	



Opin tími: Allir velkomnir í þessa tíma. Korthafar eða greiða fyrir stakan tíma. Gufubað - hafið samband við afgreiðslu.